

AUGLÝSING


um búsvæðavernd blesgæsar á Hvanneyri, Borgarfirði.

Umhverfisstjórnir hefur að tillögu Náttúruverndar ríkisins og samkvæmt samþykki Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og sveitarstjórnar Borgarfjarðarsveitar ákveðið að friðlýsa Hvanneyrarjörðina sem búsvæði blesgæsar í samræmi við 3. tölulið 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, í samræmi við samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971) sbr. Stjórnartíðindi C nr. 1/1978, samninginn um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) sbr. Stjórnartíðindi C nr. 17/1993 og samninginn um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeiro 1992) sbr. Stjórnartíðindi C nr. 3/1995.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda búsvæði fyrir blesgæsir og þar með tryggja grænlenku blesgæsinni athvarf á Íslandi, en Hvanneyrarland er einn af mikilvægustu viðkomustöðum blesgæsa hér á landi. Talið er að um 10% grænlenka blesgæstofnsins hafi viðkomu í landi Hvanneyrar og næsta nágrenni þess vor og haust. Einnig er markmið friðlýsingarinnar að tryggja almenningi landsvæði til náttúruskoðunar og fræðslu.

Mörk svæðisins eru:

Búsvæðaverndin nær yfir jörðina Hvanneyri frá jarðamörkum sem liggja frá Stórustokk í Vatnshamravatn og þaðan um Ausulæk (landamerkjaskurð) í Andakílsá miðja og þaðan út í Hvítá. Mörk náttúruverndarsvæðisins í Hvítá liggja um jarðamörk.



Svæðið afmarkast af eftirfarandi hnitum (ISN93):

a (367929,2631;456389,7073)	e (368503,7604;455454,3859)
b (368063,4829;456174,3086)	f (367756,6389;452929,8296)
c (368209,0563;456268,7113)	g (364070,7144;451440,4161)
d (368757,7685;455624,0721)	

Heildarstærð náttúruverndarsvæðisins er 1.744 ha, þ.a. landsvæði 727 ha sem skiptist í flæðiengjar 183 ha, útivist og fræðsla 326 ha og byggð og ræktun 218 ha.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

- Fuglaveiðar eru bannaðar á náttúruverndarsvæðinu.
- Ef sérstaklega stendur á getur Náttúruvernd ríkisins eða umsjónaraðili veitt undanþágu frá veiðibanninu svo sem til að verja ræktarlönd, tilraunareiti, æðarvarp og vegna rannsókna.
- Mannvirkjagerð og jarðrask á Hvanneyrarengjum er háð leyfi Náttúruverndar ríkisins. Engjarnar má nytja á sama hátt og tíðkast hefur svo sem til slæгна og beitar á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri.

Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hefur umsjón og eftirlit með búsvæðavernd blesgæsar í Hvanneyrarlandi í umboði Náttúruverndar ríkisins. Gera skal sérstakan samning þar að lútandi sem umhverfisráðherra staðfestir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisráðuneytinu, 3. maí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigurður Á. Þráinsson.